

5. Matsregla sú, sem fram kemur í 1. lið er bindandi og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða, til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi, og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 278/1964 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarráðs hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968:

1. Einstefnuakstur á Klapparstíg frá Lindargötu að Njálsgötu.
2. Biðskylda á Sunnuvegi við Laugarásveg.

Enn fremur hefur verið ákveðið, að stöðumælar verði settir upp á Óðinsgötu að austanverðu, næst Skólavörðustíg. Gjald verður 1 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mín.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 16. apríl 1969.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251/1968, um landspróf miðskóla.

Við reglugerðina bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Við próf árið 1969 skal gefa einkunnir í heilum og hálfum tölum frá 0—10.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. apríl 1969.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.